

Samningur um Evrópska efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 54/96
frá 4. október 1996

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/96 frá 19. júlí 1996⁽¹⁾.

Rétt er að láta samvinnu samningsaðilanna ná til málefna á sviði almannaheilbrigðis.

Því ber að breyta bókun 31 til að gera ráð fyrir slíkri aukinni samvinnu.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við bókun 31 við samninginn:

„16. gr.

Almannaheilbrigði

1. Samvinna á sviði almannaheilbrigðis skal aukin með þátttöku EFTA-ríkjanna í starfsemi bandalagsins sem kann að leiða af eftirfarandi gerðum bandalagsins:

- 396 D 0645: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 645/96/EB frá 29. mars 1996 um aðgerðaáætlun bandalagsins um heilsueflingu, upplýsingamiðlun, fræðslu og menntun á sviði heilbrigðismála sem liður í almennu átaki á sviði almannaheilbrigðis (1996-2000) (Stjtið. EB nr. L 95, 16. 4. 1996, bls. 1).

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

- 396 D 0646: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 646/96/EB frá 29. mars 1996 um aðgerðaáætlun um baráttu gegn krabbameini sem liður í almennu átaki á sviði almannaeilbrigðis (1996-2000) (Stjtið. EB nr. L 95, 16. 4. 1996, bls. 9).
 - 396 D 0647: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 647/96/EB frá 29. mars 1996 um aðgerðaáætlun bandalagsins um að koma í veg fyrir eyðni og tiltekna smitsjúkdóma sem liður í almennu átaki á sviði almannaeilbrigðis (1996-2000) (Stjtið. EB nr. L 95, 16. 4. 1996, bls. 16).
2. EFTA-ríkin skulu taka þátt í áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem um getur í 1. mgr.
 3. EFTA-ríkin skulu taka þátt í kostnaði í tengslum við áætlanir og aðgerðir sem um getur í 1. mgr. í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.
 4. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum EB-nefnda sem aðstoða framkvæmdastjórnina við stjórnun, þróun og framkvæmd áætlana og aðgerða sem um getur í 1. mgr.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. nóvember 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner